



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1907/2006

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **SODIUM CARBONATE (natríumkarbónat)**

EB-skrárrnr. 011-005-00-2
EB-númer 207-838-8
CAS-númer 497-19-8
REACH-skráningarnr. 01-2119485498-19

1.2. Tilgreind notkun Gler, milliefni, vatnsmeðhöndlun, hreinsiefni, málmvinnsla.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sími: 515 1000
Netfang: olis@olis.is
Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1.1 Flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]

Augnerting 2 H319
Hættusetningar eru skráðar í 16. lið

2.1.2 Flokkun samkvæmt tilskipun 67/548/EBE eða 1999/45/EB

Xi; H36
Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

2.1.3 Skaðleg, eðlisefnafræðileg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið

Engar viðbótarupplýsingar tiltækar.

2.2. Merkingaratriði

2.2.1 Merkingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Hættumerki



Viðvörðunarorð (CLP)

Hættusetningar

Varnaðarsetningar

Viðvörðun
H319 – Veldur alvarlegri augnertingu.
P280 – Notið hlífðarhanska, hlífðarfatnað, augnhlífur, andlitshlífur.
P305+P351+P338 – BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

2.3. Aðrar hættur

Engar.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.1 Efni

Heiti SODIUM CARBONATE (natríumkarbónat)
REACH-skráningarnr. 01-2119485498-19
EB-skrárrnr. 011-005-00-2
EB-númer 207-838-8
CAS-númer 497-19-8

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLÞ

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálþ

Eftir innöndun	Færið viðkomandi strax í ferskt loft. Leitið lækni ef óþægindi vara.
Eftir snertingu við augu	Skolið strax með miklu vatni í allt að 15 mínútur. Fjarlægjið snertilinsur. Skolið undir augnlokum. Leitið lækni ef óþægindi vara.
Eftir snertingu við húð	Fjarlægjið fót strax sem óhreinkast af efni og þvoið húð með vatni og sápu. Leitið lækni ef óþægindi vara.
Eftir inntöku	Látið viðkomandi hvílast. Haldið heitum. Komið í ferskt loft. Skolið munn strax með vatni og gefið mikið vatn að drekka (200-300 ml). Leitið lækni ef óþægindi vara.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Innöndun	Ólíklegt til að valda einkennum. Getur þó valdið einkennum svipuðum þeim sem inntaka getur valdið.
Snerting við húð	Húðerting.
Snerting við augu	Getur valdið skammvinnri augnertingu.
Inntaka	Getur valdið óþægindum við inntöku.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Engar viðbótarupplýsingar tiltækar.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Notið slökkvibúnað sem hentar aðstæðum.

5.2. Skaðleg niðurbrotsefni

Skaðleg efnahvörf Kolefnisoxíð.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlíðarbúnaður Ef eldur kemur upp: Ferskloftstæki og alklaðnaður slökkviliðsmanna.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Ráðstafanir Fylgið leiðbeiningum öryggisblaðsins um örugga meðhöndlun.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Hindrið að renni í fráveitur, grunnvatn og almenna vatnsveitu. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið berst í fráveitur eða almenna vatnsveitu.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir við hreinsun Hreinsið upp leka með ryksugu. Ef það er ekki hægt, safnið leka með skóflu, sóp eða álíka áhöldum. Skolið svæðið með miklu vatni.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Fyrir upplýsingar um persónuhlífar, sjá 8. lið.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Passið að hellist ekki niður. Varist snertingu við húð og augu.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Geymsla Geymið í lokuðum í ílátum. Geymið í upprunalegum ílátum.

7.3. Sérstök notkun

Sjá lið 1.2.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

DNEL Starfsmaður, innöndun, langvinn, 10 mg/m³

8.2. Váhrifavarnir

Hlíðarbúnaður



Til hlífðar höndum	Hlífðarhanskar.
Til hlífðar augum	Viðurkennd öryggisgleraugu.
Til hlífðar húð	Gúmmísvunta og gúmmístígvél.
Til hlífðar öndun	Engar tiltekna hlífðar ráðlagðar. Notið öndunargrímu ef þéttni ryks í lofti er meiri en 10 mg/m ³ .

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Útlit:	Kristallað duft. Duft. Ryk.
Litur	Hvítur.
Lykt	Lyktarlaust.
Leysni	Leysanlegt í vatni.
Bræðslumark	851°C
pH-gildi (þéttuð lausn)	> 12 (10%)
Eðlismassi (20°C)	2,52
Vatnsleysni (G/100G H2O við 20°C)	26

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar viðbótarupplýsingar tiltækar.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfast við: Sýrur.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugt við venjulegt hitastig og ráðlagða notkun.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Á ekki við.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varist hita í lengri tíma.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Sterkar sýrur.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Kolefnisoxíð.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif:

Sodium carbonate (497-19-8)	
Rotta inntaka LC50	2800 mg/kg
Rotta húð LD50	> 2000 mg/kg
Rotta innöndun LC50	2300 mg/l (ryk/úði)

Húðæting/húðerting

Væg húðerting.

Augnskaði/augnerting

Augnertandi.

Inntaka

Getur valdið óþægindum við inntöku.

Innöndun

Getur valdið ertingu í öndunarvegi.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Visteiturhrif

Efnið er ekki flokkað sem hættulegt umhverfinu. Það útilokar þó ekki að meiriháttar eða tíðir lekar geti ekki haft skaðleg áhrif á umhverfið.

Sodium carbonate (497-19-8)	
LC50-96 klst. – fiskur mg/l	300 (Iepomis macrochirus)
EC50-48 klst. – daphnia mg/l	265

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Engar viðbótarupplýsingar tiltækar.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Sodium carbonate (497-19-8)	
Uppsöfnun í lífverum	Safnast ekki upp í lífverum.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Leysist upp í vatni.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Ekki flokkað sem PBT/vPvB-efni samkvæmt núverandi ESB-viðmiðunum.

12.6. Önnur váhrif

Engin þekkt.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Aðferðir

Fargið innihaldi hjá sérhæfðum förgunaraðila. Fargið á öruggan hátt í samræmi við gildandi lög og reglur.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Almennt

Alþjóðlegar reglur um flutning á hættulegum varning taka ekki til efnisins (IMDG, IATA, ADR/RID).

14.1. UN-númer

14.2. Rétt UN-sendingarheiti

14.3. Hættuflokkur eða –flokkar vegna flutninga

14.4. Pökkunarhópur

14.5. Umhverfishættur

Engar viðbótarupplýsingar tiltækar.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1.1. ESB-reglur

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og niðurfellingu reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1488/94, tilskipun ráðsins nr. 76/769/EBE og tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar nr. 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB, ásamt breytingum.

15.1.2. Landsbundnar reglur

Engar viðbótarupplýsingar tiltækar

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat liggur fyrir.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

H-, V- og EUH-setningar:

H36

Augnertandi

H319

Veldur alvarlegri augnertingu

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Þýðing: Reynir Hjálmarsson